



VEÐURSTOFA
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis — allsherjarnefnd
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Dags. 12. febrúar 2003
Tilv. 012/5021/MJ/KG

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/990
komudagur 13.2.2003

Efni: Umsögn Veðurstofu Íslands um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn.

Veðurstofa Íslands telur þörf á setja starfsemi björgunarsveita lagaramma og styður því markmið framkomins lagafrumvarps. Stofnunin telur þó nauðsynlegt að vekja athygli á nokkrum atriðum sem til bóta gætu verið í frumvarpinu.

II kafli laganna ber yfirskriftina „hlutverk, réttindi og skyldur björgunarsveita og björgunarsveitarmanna“. Einungis er þó fjallað um hlutverk og skyldur svo og tryggingar sem er hluti af skyldunum. Annaðhvort þarf að breyta yfirsögn kaflans eða setja inn í hann grein sem tekur á réttindum björgunarsveitarmanna.

Í þessu sambandi er rétt að benda á hvort hægt sé að ætlast til að björgunarsveitarmenn starfi á ábyrgð stjórnvalda (ath. við 3. gr.) á sama tíma og þeim er skylt að kaupa sjálfir (kosta) tryggingar yfir allt sitt starf og búnað (sbr. 5. gr.).

Loks þykir Veðurstofunni rétt að benda á að spurning er hvort hægt sé að tala um afdráttarlausar skyldur björgunarsveitarmanna til að hefja björgun sé þess óskað af stjórnvaldi (sbr. 4. gr.) í ljósi þess að sveitirnar eru fyrst og fremst samansafn einstaklinga sem starfa sem sjálfboðaliðar við björgunarstörf.

Virðingarfyllt


Magnús Jónsson
veðurstofustjóri